



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Þriðjudagur, 18. desember 2007
Ákvörðun nr. 66/2007

Samruni KIB 1 ehf. og G.H. heildverslunar ehf.

1.

Með bréfi, dags. 16. nóvember sl., var tilkynnt um samruna KIB 1 ehf. (KIB) og G.H. heildverslunar ehf. (GH). Bréfinu fylgdi samrunaskrá, þar sem framsetning miðast við viðauka í reglum nr. 880/2005 um tilkynningu samruna.¹ Bréfinu fylgdi einnig samningur um kaupin, dags. 8. nóvember sl., og hluthafasamkomulag auk ársreikninga samrunaaðila fyrir árið 2006 og árshlutareiknings GH fyrir janúar – ágúst 2007. Að mati Samkeppniseftirlitsins fela kaupin í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrðin eru metin uppfyllt.

2.

Í tilkynningunni kemur fram að aðalstarfsemi samrunaaðila felist í sölu húsbúnaðar, s.s. húsgagna, ljósa, innréttinga, flísa, parkets og hurða, auk annarrar smávöru til heimilis, og sé það sá markaður sem félögin starfi á. KIB hafi sérstaklega verið stofnað vegna kaupa á GH og hafi því ekki haft neina starfsemi fram að þessu. [...%]² hlutfjár KIB sé í eigu Saltfélagsins og sé fyrirhugað að Holger Gíslason, núverandi framkvæmdastjóri GH kaupi [...%]³ hlutfjár í KIB. Saltfélagið sé aftur á móti í [...%]⁴ eigu Pennans ehf.

Saltfélagið hafi verið stofnað árið 2006 og selji húsgögn auk ýmissar smávöru sem ætluð sé til heimilisnota. GH hafi verið stofnað árið 1989 og selji ljós og lýsingarkerfi fyrir heimili, stofnanir og fyrirtæki. Nýlega hafi fyrirtækið hafi sölu á innréttingum, gólfefnum, gluggum og hurðum.

3.

Í samrunaskránni kemur jafnframt fram að tilgangur Saltfélagsins með kaupunum hafi verið að efla rekstur sinn og breikka vöruúrval sitt. Vöruframboð GH falli vel að vöruframboði Saltfélagsins en skarist aðeins að litlu leyti. Mögulegt sé að bjóða viðskiptavinum uppá ljósaönnunarbjonustu GH. Samlegð með virku samstarfi félaganna muni því efla bæði Saltfélagið og GH. Aðilar gangi til samrunans óskiptir en stefnt sé að sameiningu innan tiltekins tímaramma sem þó hafi ekki verið nánar skilgreindur.

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).

² Fellt út vegna trúnaðar.

³ Fellt út vegna trúnaðar.

⁴ Fellt út vegna trúnaðar.



Þá segir að velta Saltfélagsins fyrstu 11 starfsmánuði þess hafi verið rúmar kr. [...] ⁵ en velta GH árið 2006 hafi verið kr. [...] ⁶. Samrunaaðilar hafi ekki haft neina veltu á erlendum mörkuðum. Saltfélagið hafi gert samkomulag um húsaleigu við Kaffiheim, Austurstræti 17, um aðstöðu í húsakynnum Saltfélagsins. Þá hafi Saltfélagið einnig gert munnlegt samkomulag við DM um innflutning, vöruhýsingu og dreifingu fyrir Saltfélagið. DM sé að mestu í eigu sömu aðila og Saltfélagið.

Samrunaaðilar telja að hlutdeild Pennans á húsgagnamarkaði árið 2006 hafi verið um [...] % ⁷ og að sú hlutdeild muni haldast svipuð árið 2007. Þeir telja jafnframt að til keppinauta megi telja þá fjölmörgu aðila sem selji húsgögn, innréttingar og húsbúnað á Íslandi, þ.m.t. stóru byggingavöruverslanirnar Bykó, Húsasmiðjuna, Mest, Ikea, Epal, Exó, Öndvegi, Heima, Gegnum glerið, Húsgagnahöllin, Modern, Tekk Company, Habitat, Lumex, Ormsson HTM, JEK Design auk fjölmargra minni verslana og innréttingafyrirtækja. Keppinautar séu eins og fram komi margir, stórir og litlir, rótgrónir og nýstofnaðir. Samrunaaðilar fá ekki séð að aðgangshindranir séu verulegar og þá hafi nokkrar húsgagnaverslanir opnað sl. fimm ár.

Samrunaaðilar telja að samruninn muni færa viðskiptavinum möguleika á betri og bættri þjónustu þar sem þeir geti nú vísað hvor á annan vanti viðskiptavini þeirra þá þjónustu eða vörur sem annar hvor aðilinn bjóði ekki upp á. Engin áhrif séu fyrir séð á hagsmunum milliliða.

4.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort að samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í ákvæðinu segir einnig að taka beri tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hefur áhrif og hvort markaðurinn sé opinn eða aðgangur að honum hindraður. Þessi atriði eru í samkeppnisrétti í raun innifalin í mati á því hvort markaðsráðandi staða myndist eða styrkist. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Samkeppniseftirlitið telur að húsbúnaðarmarkaðinn megi eftir atvikum skilgreina í amk. tvo undirmarkaði, þ.e. markað fyrir fjöldaframleiddar vörur, þar sem verð er tiltölulega lágt og markað fyrir svokallaða hönnunarvöru þar sem verðlag er hlutfallslega hærra og mikið lagt í eintaka muni. Saltfélagið hefur markaðssett sig sem fyrirtæki sem selji svokallaða hönnunarvörur. Á heimasíðu fyrirtækisins koma fram þau vörumerki sem að fyrirtækið selur. Einkennandi fyrir hönnunarfyrirtæki er m.a. að litið er á hönnun sem sérgrein og að stjórnendur eða starfsmenn hafi reynslu af hönnun. Vörur þessar standa viðskiptavinum til boða svo árum skiptir. Önnur fyrirtæki á þeim markaði eru m.a. Epal, Exó, Gegnum Glerið og Casa. Á hinum markaðnum starfa m.a. Bykó, Húsasmiðjan, Mest og Ikea. Enda þótt hönnuðir komi þar að vöruframleiðslu þá er það ekki

⁵ Fellt út vegna trúnaðar.

⁶ Fellt út vegna trúnaðar.

⁷ Fellt út vegna trúnaðar.



aðalsmerki verslananna heldur lágt vöurverð og mikil vöruvelta, þ.e. viðskiptavinir geta ekki treyst því að þegar vara klárast að sama vara komi aftur.

Athugun Samkeppniseftirlitsins hefur leitt í ljós að ekki myndist markaðsráðandi staða í kjölfar þess samruna sem hér um ræðir eða að slík staða styrkist. Þá hafa ekki komið fram önnur atriði sem benda til þess að samruninn geti raskað samkeppni. Í ljósi þessa er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að hafast að vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

Með kaupsamningi, dags. 8. nóvember 2007, keypti KIB 1 ehf. hlutafé í G.H. heildverslun ehf. Fela þessi kaup í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafst frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

